

Uppsveitir Árnassýslu og Flóahreppur

Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur

FundargerðNefnd: **Skipulags- og byggingarnefnd**Nr. fundar: **43**Dags: **19.01.2012**

Fundarmenn: Drífa Kristjánsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson, Ragnar Magnússon, Hörður Óli Guðmundsson og Gunnar Örn Marteinson. Þá sátu fundinn Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi og Helgi Kjartansson byggingarfulltrúi.

Mál fyrir fundi

Nr. 1

Málsnr. 201201323615 **Svf.** Hrunamannahreppur**Heiti máls** Kópsvatn_ósk um leyfi til að reisa höggmynd

Lýsing Lagt fram erindi Helga Gíslasonar þar sem sótt er um framkvæmdarleyfi til að reisa höggmynd sem ber heitið, Heimur í huga manns og verður staðsett við bakka Hvítár í landi Kópsvatns. Um er að ræða 6 m háan skúlpúr gerðan úr járn.

Afgreiðsla *Nefndin gerir ekki athugasemd við framkvæmdina með fyrirvara um að fyrir liggi samþykki landeigenda Kópsvatns, bæði vegna staðsetningar listaverks og aðkomu að því. Skipulagsfulltrúa er falið að gefu út framkvæmdarleyfi áður en framkvæmdir hefjast.*

Nr. 2

Málsnr. 201110943497 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur**Heiti máls** Bíldsfell - Veiðihús

Lýsing Spurt er hvort leyft verði að byggja aukahús við veiðihús í landi Bíldsfells, landnr. 170811

Afgreiðsla *Skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi upplýstu um stöðu málsins.*

Nr. 3

Málsnr. 201201863613 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur**Heiti máls** Miðengi lóð 17 - ósk um breytt heiti

Lýsing Lagt fram erindi Jóns Tryggvasonar þar sem óskað er eftir að fá að breyta heiti lóðarinnar Miðengis lóð 17 sem er íbúðarhúsalóð í Álftavík.

Afgreiðsla *Lagt fram erindi Jóns Tryggvasonar þar sem óskað er eftir að fá að breyta heiti lóðarinnar Miðengis lóð 17. Þar sem húsið stendur við Álftavík er óskað eftir að húsið fái það heiti einnig. Ákvörðun um heiti lóðarinnar er vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.*

Nr. 4

Málsnr. 201201533628 **Svf.** Flóahreppur**Heiti máls** Þorleifskot - framkv.leyfi fyrir borholu

Lýsing Lagt fram erindi Selfossveitna dags. 13. janúar 2012 þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi til borunar eftir heitu vatni á núverandi vinnslusvæði Selfossveitna við Þorleifskot.

Afgreiðsla *Nefndin gerir ekki athugasemd við framkvæmdina og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdarleyfi í samræmi við gjaldskrá embættisins.*

Nr. 5

Málsnr. 20120113631 **Svf.** Öll sveitarfélög**Heiti máls** Afgreiðslur byggingafulltrúa 2012

Lýsing Afgreiðslur byggingarfulltrúa á árinu 2012

Afgreiðsla *Lögð fram fundargerð ⁷⁵ 76. afgreiðslufundar frá 4. jan 2012. Fundargerðin er kynnt og staðfest*

Nr. 6

Málsnr. 20120113610 **Svf.** Skeiða- og Gnúpverjahreppur**Heiti máls** Kálfhóll lóð 178950**Þjóðskr.nr.** 8720-02-00052001**Teg. bygg.** Sumarhús**Eigandi** Stefán H Jónsson 1805432609 Kambasel 69 109 Reykjavík**Lýsing** Sótt er um leyfi fyrir sumarhúsi sem flutt var á staðinn árið 2007.**Stærðir** 67.8 m² 234.0 m³ **Hönnuður** Leifur Stefánsson **Úr landi** Kálfhóls 1

Afgreiðsla *Byggingarfulltrúa er falið að afgreiða málið.*

Nr. 7

Málsnr. 201112573598 **Svf.** Flóahreppur**Heiti máls** Hurðarbak 166350**Þjóðskr.nr.** 8722-06-0003-8500**Teg. bygg.** Gripahús**Eigandi** Ólafur Einarsson 1909453089 Hurðarbal 801 Selfoss**Lýsing** Sótt er um að byggja fjárhús .**Stærðir** 347.8 m² 1260.0 m³ **Hönnuður** Magnús Sigsteinsson 1604444959 **Úr landi** Hurðarbaks

Afgreiðsla *Nefndin samþykkir erindið skv. 1. tl bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga með fyrirvara um samþykki skipulagsstofnunar. Erindinu er vísað til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa.*



Nr. 8

Málsnr. 201201323626 Svf. Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Dskbr. Ásgarður - Skógarholt

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 10 nýjum lóðum út frá Skógarholti á svæði 3 inn á svæði 2 þar sem áður var gert ráð fyrir útivistarsvæði. Einnig er gert ráð fyrir einni lóð við enda Vesturbrúnar á svæði 2. Breytingin er í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem samþykkt var í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps miðvikudaginn 18. janúar 2012. Samþykkt að auglýsa breytinguna skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nr. 9

Málsnr. 201201773617 Svf. Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Dskbr. Kerhraun_Hraunbrekka 47 og 52

Lagt fram erindi Bráins Ingimundarson dags. 27. desember 2011 ásamt uppdrætti þar sem óskað er eftir að lóðir nr. 47 og 52 við Hraunbrekku í landi Kerhrauns verði sameinadar. Eftir sameiningu verður lóðin Hraunbrekka 52, 10.214 fm að stærð. Að mati nefndarinnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir aðliggjandi lóðarhöfum og stjórn sumarhúsafélagsins.

Nr. 10

Málsnr. 201201903620 Svf. Grímsnes og Grafningshreppur

Heiti máls Lýsing_Stóra-Borg_Hlauphólar

Lögð fram lýsing dags. desember 2011 fyrir deiliskipulag um 28,9 ha lands sem fyrirhugað er að nýta undir frístundabyggð. Svæðið kallast Hlauphólar og er úr landi Stóru-Borgar. Aðkoma að svæðinu er frá þéttbýlinu Borg. Afgreiðslu frestað þar sem gera þarf betur grein fyrir aðkomu að svæðinu.

Nr. 11

Málsnr. 201201873616 Svf. Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Heiti máls Miðhús 1 lnr. 166579_ný lóð

Lagt fram lóðablað yfir 58,2 ha lóð úr landi Miðhúsa 1 lnr. 166579. Aðliggjandi landeigendur hafa undirritað samþykki sitt á lóðablaðið fyrir landamerkjum spildunnar. Á landinu er braggi með fastanr. 220-2458. Nefndin gerir í samræmi við 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ekki athugasemd um stofnun landsins og gerir jafnframt ekki athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Nr. 12

Málsnr. 201104893128 Svf. Bláskógabyggð

Heiti máls Dsk Efsti-Dalur 2 lnr. 167631

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir bæjartorfu Efsta-Dals II og er skipulagssvæðið um 5 ha.

Tillagan var auglýst til kynningar 17. nóvember 2011 með athugasemdafresti til 30. desember. Eitt athugasemdabréf barst og er það lagt fram til kynningar. Þá liggur fram umsögn skipulagsráðgjafa, f.h. landeigenda, um innkomnar athugasemdir. Nefndin samþykkir deiliskipulagið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með þeirri breytingu að í skilmálum komi fram að nýr aðkomuvegur verði rykbundinn auk þess sem gert verði ráð fyrir lágvöxnu gróðurbelti eða jarðvegsmön milli nýs aðkomuvegar og landamerkja Efsta-Dals 1. Skipulagsfulltrúa er falið að svara athugasemdum í samræmi við umræður á fundi.

Nr. 13

Málsnr. 201105273191 Svf. Bláskógabyggð

Heiti máls Dskbr. Reykjavellir - skilm.br.

Lagt fram að nýju bréf umhverfissráðuneytis dags. 24. nóvember 2011 ásamt umsögn Skipulagsstofnunar dags. 4. ágúst 2011 varðandi beiðni um undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi fyrir lóðina Hverfisgata 2 í landi Reykjavalla. Þá liggur fyrir umsögn hönnuðar f.h. lóðarhafa Hverfisgötu 2 um umsögn Skipulagsstofnunar. Nefndin samþykkir að breyta skilmálum svæðisins í samræmi við fyrri afgreiðslur en fellur frá ákvörðun um að leita eftir undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar varðandi fjarlægð mannvirkja frá stofn og tengivegum.

Nr. 14

Málsnr. 201201673630 Svf. Bláskógabyggð

Heiti máls Fyrirspurn_Heiði

Lagt fram erindi Mörtu S. Gísladóttur og Brynjars Sigurðssonar dags. 16. janúar 2012 þar sem óskað er eftir leyfi til að byggja allt að 250 fm hús fyrri veitingasölu við Faxa og að landbúnaðarsvæði við Faxa verði breytt í verzlunar- og þjónustusvæði. Einnig er óskað eftir að bæta við tveimur lóðum, nr. 15 og 16, við deiliskipulag í Koðrabúðum. Nefndin tekur vel í hugmyndir um uppbyggingu veitingasölu við Faxa og gerir ekki athugasemdir við að aðalskipulagi svæðisins verði breytt í samræmi við óskir landeigenda. Afgreiðslu varðandi beiðni um tvær nýjar frístundahúsalóðir er frestað. Skipulagsfulltrúa er falið að vinna með landeigendum varðandi nauðsynlegt gögn.

Nr. 15

Málsnr. 201109483430 Svf. Bláskógabyggð


Heiti máls Iða lóð nr. 9 - brdsk

Lögð fram að lokinni grenndarkynningu fillaga Péturs H. Jónssonar að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Iðu, við Vörðufell. Í breytingunni felst að lóð nr. 9 stækkar úr 5.400 fm í 7.400 fm. Fyrir liggur athugasemd frá lóðareigenda nr. 10 og 11 dags. 16. desember og 19. desember 2011. Nefndin samþykkir stækkun á lóð nr. 9 skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 óbreytta frá grenndarkynningu. Skipulagsfulltrúa er falið að svara innkomnum athugasemdum.

Nr. 16

Málsnr. 201109523450 Svf. Bláskógabyggð

Heiti máls Laugarvatn - Heildarendurskoðun deiliskipulags



Lögð fram til kynningar drög að tillögu að endurskoðun deiliskipulags fyrir þéttbýlið Laugarvatn. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að kynna tillöguna skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nr. 17

Málsnr. 201201893632 Svf. Flóahreppur

Heiti máls Dskbr. Kolsholt 1 og Jaðarkot

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir minniháttar breytingu á byggingarskilmálum á deiliskipulagi fyrir Kolsholt 1 og Jaðarkot. Óskað er eftir að heimilt verði að byggja allt að 300 fm íbúðarhús á 1-2 hæðum með allt að 8 m mænishæð miðað við hæð jarðvegs umhverfis húsið. Meðfylgjandi eru drög að byggingarleyfisteikningum. Að mati skipulags- og byggingarnefndar er um að ræða óverulegt frávík frá gildandi deiliskipulagi sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gerir ekki athugasemd við að byggt verði hús í samræmi við fyrirliggjandi tillögur að byggingarleyfisteikningum.

Adalsteinn Sveinsson vök af fundi við afgreiðslu málsins.

Nr. 18

Málsnr. 201201703622 Svf. Flóahreppur

Heiti máls LB_Ferjunes land 2 lnr. 213234

Lagt fram lóðablað unnið af Höllu Kjartansdóttur sem sýnir nýja 13,29 ha lóð úr landi Ferjunes land 2 lnr. 213234. Í samræmi við 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 gerir nefndin ekki athugasemd við stofnun landsins og gerir jafnframt ekki athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Nr. 19

Málsnr. 201201423621 Svf. Flóahreppur

Heiti máls LB_Ferjunes land lnr. 189553

Lagt fram lóðablað unnið af Höllu Kjartansdóttur sem sýnir nýja 2,28 ha lóð úr landi Ferjunes land lnr. 189553. Í samræmi við 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 gerir nefndin ekki athugasemd við stofnun landsins og gerir jafnframt ekki athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Nr. 20

Málsnr. 201201853618 Svf. Flóahreppur

Heiti máls LB_Sölvaholt lnr. 166276 - ný lóð

Lagt fram lóðablað unnið af Verkfræðistofu Suðurlands sem sýnir nýja lóð úr landi Sölvaholts lnr. 166276. Um er að ræða 74,2 ha spildu sem er nefnd Sölvaflatir. Fram kemur að aðkoma sé að landinu frá Gaulverjabæjavegi og er kvöð á spildunni um aðkomu að landi Sölvaholts lnr. 166276 fra veginum. Nefndin gerir ekki athugasemd við stofnun landsins skv. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda á landmörkum. Þá er ekki gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.